

Nd.

79. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Sigurður E. Hliðar.

1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan islenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnóta-veiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar frá 15. júní til 30. september ár hvert.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er flutt samkvæmt áskorun 54 bátaeigenda og sjómanna, er stunda dragnótaveiðar frá Akureyri og sjávarplássum við

Eyjafjörð, og fer fram á þá breytingu á gildandi lögum um dragnótaveiði í landhelgi, að dragnótaveiði sé leyfð samtímis umhverfis land allt. Áskorun þessari fylgir svofelld greinargerð:

„Eftir að þorskveiðautgerðin á stærri skipum og vélbátum lagðist hér alveg niður, með aflaleysisárunum eftir 1932, tóku allmargir sjómenn það til ráðs, að koma sér upp opnum vélbátum, til að mynda sér með því lengri og þá væntanlega vænlegri atvinnu en þeir eiga kost á á skipunum hér, með hinum skamma útgerðartíma þeirra. Hefir bátum þessum smáfjölgað og eru nú yfir 20, þar af 6 litlir þilbátar, og hver bátur menntur 2 til 3 mönnum. Aðalaflamöguleikar bátanna er dragnótaveiði, sem styðst við markað hraðfrystihúsanna. (Vetraraflí bátanna fyrir bæjarmarkaðinn er hér venjulega mjög rýr.)

Þegar dragnótaveiðin má hefjast hér — um miðjan júnímánuð — það er mánuði síðar en hún hefst sunnan- og vestanlands — sækir hingað fjöldi báta að sunnan og vestan, sem þá eru búnir að reyta upp að mestu grunnmiðin heima fyrir, leggjast hér í þessi tregsömu, víðáttulitlu grunnmið og skafa þau upp á fáum dögum. Að því búnu halda þeir áfram fiskileitinni austur eða vestur á bóginn — heimleiðis. Verða smábátarnir hér að sækja allt sumarið og haustið á þessi uppreyttu veiðisvæði, enda við lítinn afla.

Af þessu má vera ljóst, að smábátarnir hér norðanlands búa við mjög erfið skilyrði við þessa veiði, og mikinn aðstöðumun samanborið við báta sunnanlands og vestan, þar sem þeim er með lögunum sköpuð aðstaða til að hagnýta sér þessi veiðiskilyrði sem bezt, bæði sunnanlands og norðan — og það að verulegu leyti á kostnað smábátanna hér nyrðra, sem bannað er með lögunum að byrja veiði á sama tíma og annarstaðar.

Verður þessi aðstöðumunur, að svo miklu leyti, sem hann stafar af löggjöfinni, að teljast óréttmætur í mesta máta, auk þess sem það, að halda honum við, virðist mjög óhagkvæmt fyrir framtíð þessa veiðiskapar. Er það skoðun margra, að hin gegndarlaus fiskileit, og um leið stórtæka rányrkja, á mörgum tugum stórra vélbáta, sem fara með ströndum alls landsins til að afla þennan mjög takmarkaða fiskistofn — skarkolann — á grunnmiðunum, sé mikils til of eyðslufrek, miðað við aflaskilyrðin, og því vafasamur gjaldeyrishagnaður af rekstri þeirra, auk þess sem það reyndist s.l. sumar mjög rýr atvinna fyrir þá, sem að því unnu. Hitt hefir reynsla þessara ára þegar sýnt, bæði hér og viðar, að smábátar, sem komu upp og stunda veiðina frá þeim stöðum, þar sem hraðfrystihúsin eru komin upp, eru að mörgu leyti hentugir til að stunda þessa tregsömu veiði, bæði vegna þess, hversu eyðslusparir þeir eru, og þá ekki síður af hinu, að með þá eru að jafnaði menn, sem eru vel kunnugir sínum heimamiðum, og fer því minna í fiskileit og veiðarfærslit.

Af þessum ástæðum eru smábátarnir a. m. k. hálfu léttari á hinum takmarkaða gjaldeyri, miðað við aflamagn, heldur en stóru bátarnir. Er það því hagkvæmt fyrir framtíð þessa veiðiskapar, að hann verði meira stundaður á smáum, staðbundnum bátum, og með því mun fást betri árangur, bæði fyrir þá, sem að honum vinna, og fyrir landsheildina til frambúðar. En verði haldið áfram eins og verið hefir, verður atvinna á smábátunum svo léleg, að sá útvegur hlýtur að dragast saman.

Er þess því að vænta, að hið háa Alþingi stefni að því að draga úr þeim mikla aðstöðumun bátanna, sem að framan er lýst, með því að breyta lögunum þannig, að veiðina megi hefja samtímis við allar strendur landsins þegar á komandi vori.“

Nánar í framsögu.